

Reikningsskilaráð ríkisins

60. Fundur – 26. janúar 2022 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Ingi K. Magnússon.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 59. fundar samþykkt.

2. Fjárlög 2022. Breyttar skilgreiningar og lagabreyting LOF

Ýmsar stofnanir sem hingað til hafa verið flokkaðar utan A-hluta ríkissjóðs, hafa verið endurflokkaðar við framsetningu Hagstofu samkvæmt GFS og teljast nú innan A-hlutans. Fjárlagafrumvarp ársins 2022 tók mið af þessu og var gerð lagabreyting á lögum um opinber fjármál þannig að A-hluti skiptist upp í A1-, A2- og A3 hluta. Farið var yfir framsetningu fjárlaga fyrir árið 2022.

3. Ríkisreikningur 2021 og innleiðingaráætlun frestaðra staðla.

Farið yfir vinnu og tímamörk við gerð Ríkisreiknings fyrir árið 2021. Rætt um áætlun um innleiðingu frestaðra staðla. Á næsta fundi verðu farið nánar yfir þá staðla sem óskað verður eftir frestun á.

4. Frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings.

Frumvarpið er til umfjöllunar á Alþingi og í fjárlaganefnd.

5. Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2020.

Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar vegna ársins 2020 hefur verið send Alþingi og kynnt í fjárlaganefnd.

6. Önnur mál.

Fyrsti fundur eftir að skipað var aftur í ráðið. Rætt um skipulag og verklag nefndarinnar. Á næsta fundi verður rætt frekar um störf og hlutverk nefndarinnar.

Ekki annað rætt og fundi slitið 10:30.